



Tjáning og miðlun

Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skýrt og áheyrliga og taka þátt í samræðum og rökraðum.

- Við lok 4. bekkjar get ég:** tjáð hugsanir mínar og skoðanir og sett þær fram á viðeigandi hátt
- Við lok 7. bekkjar get ég:** tjáð hugsanir mínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ymstum miðlum
- Við lok 10. bekkjar get ég:** tjáð hugsanir mínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöðum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, sýna áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.

- Við lok 4. bekkjar get ég:** skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna
- Við lok 7. bekkjar get ég:** spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna
- Við lok 10. bekkjar get ég:** spurt rannsakandi spurninga, skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna

Sjálfstæði og samvinna

Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

- Við lok 4. bekkjar get ég:** unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á
- Við lok 7. bekkjar get ég:** gert mér grein fyrir styrkleikum mínum
- Við lok 10. bekkjar get ég:** unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla

Nýting miðla og upplýsinga

Hæfni nemenda til að nýta margvislega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnn hátt.

- Við lok 4. bekkjar get ég:** leitað og sótt gagnlegar upplýsingar úr ólíkum miðlum
- Við lok 7. bekkjar get ég:** notað margvislegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings í námi
- Við lok 10. bekkjar get ég:** nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi

Ábyrgð og mat á eigin námi

Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

- Við lok 4. bekkjar get ég:** gert mér grein fyrir styrkleikum mínum og hvað ég get gert betur í námi
- Við lok 7. bekkjar get ég:** gert mér grein fyrir styrkleikum mínum og hvernig ég get nýtt mér þá í námi
- Við lok 10. bekkjar get ég:** gert mér grein fyrir hvernig ég get hagnýtt sterkar hliðar mínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfmynd